

Orkuveita Landsveitar ehf.
Fellsmúla 2
851 HELLUReykjavík, 18. desember 2013
Tilvísun: 2013120018/50.4.4
Verknúmer: 1093000**Efni: Samþykki Orkustofnunar á framsali á leyfi Íslenskrar matorku ehf. til nýtingar á jarðhita í Baðsheiði í landi Stóra Klofa, Rangárþingi til Orkuveitu Landsveitar ehf.**

Orkustofnun hefur mótttekið þann 16. desember sl., erindi Íslenskrar matorku ehf. kt. 480210-0930, þar sem þess er óskað að nýtingarleyfi það sem Orkustofnun veitti félaginu þann 23. janúar sl. verði flutt yfir til Orkuveitu Landsveitar ehf. kt. 651113-0320.

Í fylgibréfi með leyfi Íslenskrar matorku ehf. til nýtingar á jarðhita í Baðsheiði í landi Stóra Klofa, Rangárþingi ytra dags. 22. janúar sl. voru raktar forsendur leyfisveitingarinnar og gerð grein fyrir málsmeðferð Orkustofnunar, lögboðnum umsagnarferli aðila máls og viðkomandi sveitarfélaga. Þar segir m.a. : *Það er mat Orkustofnunar að vilji viðkomandi hreppa, þ.e. Ásahrepps og Rangárþings ytra, standi til þess að bætt sé úr ágöllum núverandi nýtingar og heimildarlausri upptekt fyrir hitaveitu, eins og Orkustofnun fór fram á, með umsókn leyfishafa. Orkustofnun vill benda á að mikilvægt er að leyfishafi beiti sér fyrir stofnun formlegs félags um rekstur þeirrar hitaveitu sem rekin er á svæðinu, þar sem fram komi reglur um forgang nýtingar, viðhald borholu, dælubúnaðar og lagna og annað það sem lýtur að sameiginlegum rekstri og dreifingu og þar sem einnig er tekið á gagnkvæmri ábyrgð og skyldum leyfishafa og notenda jarðhitans í því sambandi á gegnsæjan hátt.*

Eins og fram kemur í erindi Íslenskrar matorku ehf. ásamt fylgiskjöllum, hefur nú umrætt félag verði stofnað í samræmi við ábendingar Orkustofnunar. Því telur Orkustofnun enga fyrirstöðu vera fyrir umræddri beiðni.

Með vísan til 32. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu samþykkir Orkustofnun hér með framsal nýtingarleyfisins til Orkuveitu Landsveitar ehf., kt. 651113-0320. Bréf þetta skal fylgja leyfinu því til staðfestingar.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákvarðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum, kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra
Skúli Thoroddsen
Kristinn Einarsson*Afrit sent til:*

Íslenskrar matorku ehf., Rangárþings ytra og landeigenda